

Fallegt sólarlag við Breiðafjörð



Það eru engar ýkjur að sólarlagið við Breiðafjörð er oft töfrum líkast og margar myndir verið teknar sem undirstrika það. Þórey Úlfarsdóttir tók þessa mynd í síðustu viku og er engu líkara en himininn sé aelda.

Á innsíðum þessa blaðs er m.a.

Þjallað um að skilafrestur í ljósmyndasamkeppni Snæfellsbæjar sé á miðnætti fimmtudagsins 31. ágúst, eigendum fallegra mynda er bent á að senda myndir í keppnina.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Smíðavinna

Tökum að okkur þakskipti, klæðningar og aðra smíðavinnu, eigum lausa tíma í haust.

Kynnið ykkur málið í síma 840-6100



Priðja flokki hefur gengið vel í sumar

Sumarið hefur gengið vonum frammar hjá liði 3. flokks kvenna Snæfellsness í sumar. Keppa þær á Íslandsmóti KSÍ í C riðli og sitja þar í öðru sæti þegar aðeins einn leikur er eftir af sumrinu. Það sem af er sumri hefur liðið leikið níu leiki, þar af unnið sjö, gert eitt jafntefli og tapað einum leik. Þá hafa þær einungis fengið á sig fjögur mörk og en skorað 30. Einar Magnús Gunnlaugsson, þjálfari liðsins, segist stoltur af liðinu sem hefur staðið sig ótrúlega vel í allt sumar og munu stelpurnar spila síðasta leikinn í riðlakeppni Íslandsmótsins við Breiðablik þann 10. september í Smáranum. Með sigri eða jafntefli í þeim leik eiga þær möguleika á að sigra riðilinn þar sem þær eru einungis einu stigi frá fyrsta sætinu. Meðfylgjandi mynd er tekin af liðinu á Rey cup í sumar þar sem þær spiluðu til úrslita í æsispennandi leik en töpuðu í vítaspyrnukeppni. Á



myndina vantar Eyrúnu Einarsdóttir, fyrirliða liðsins, Lenu Reynisdóttir og Söndru Blanca.

SJ

Enn hægt að sækja um í Uppbyggingarsjóð

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Vesturlands en úthlutað verður úr sjóðnum í september 2023. Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja annars vegar menningarverkefni og hinsvegar atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Sjóðurinn er samkeppnisjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Vesturlands. Í þessari seinni úthlutun ársins eru hins

vegar ekki veitir styrkir til menningarverkefna.

Auglýst er opinberlega eftir umsóknum og eru þær metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í samningi um Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024 og þeim áherslum sem eru í verklags- og úthlutunarreglum sjóðsins en þær er hægt að finna á vefsíðu SSV. Opið er fyrir umsóknir til og með 7. september.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.


Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Aðalsafnaðarfundur Ólafsvíkursóknar

verður haldinn mánudaginn 18. september nk
í safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju kl 17,30.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2022
2. Ársreikningur fyrir árið 2022 lagður fram
3. Sóknarprestur fer yfir starfið á árinu
4. Kosningar
5. Framtíð líkhússins í Ólafsvík
6. Önnur mál

Mætum sem flest og höfum áhrif á störf kirkjunnar okkar

Sóknarnefnd Ólafsvíkurkirkju



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Breyttur opnunartími Landsbankans

Eins og fram hefur komið í fréttum undanfarna daga þá munu eiga sér stað breytingar á opnunartíma hluta útibúa Landsbankans, þar sem að Landsbankinn er eini bankinn með útibú á Snæfellsnesi þá vildum við vita hvaða breytingar þetta hefði í för með sér fyrir viðskiptavini á svæðinu.

Þórhalla Baldursdóttir útibússtjóri á Snæfellsnesi varð fyrir svörum:

Hver er ástæðan fyrir þessum breytingum á opnunartíma?

Ástæðan fyrir breytingunum er að heimsóknum viðskiptavina í útibú heldur áfram að fækka, í takt við aukna notkun á appi og netbanka. Þá er bankinn stöðugt að fjölga aðgerðum sem mögulegt er að framkvæma í appinu eða netbankanum. Erindum sem aðeins er hægt að leysa í útibú hefur því fækkað verulega.

Mun verða fækkun á stöðugildum í útibúinu?

Nei, undanfarin þrjú ár höfum við í útibúinu á Snæfellsnesi sinnt miðlægri vinnslu í auknu mæli. Starfsfólk í útibúum á landsbyggðinni hefur tekið þátt í að veita ráðgjöf og þjónustu í gegnum síma, í gegnum tölvupóst eða á fjárfundum, óháð búsetu viðskiptavina eða starfsfólks. Sem dæmi má nefna að árið 2022 voru um 60% af bókuðum ráðgjafarsamtölum veitt af starfsfólki á landsbyggðinni og á þessu ári hafa þau alls veitt tæplega 10.000 viðskiptavinum aðstoð í gegnum síma.

Par sem vinnutími starfsfólks mun ekki skerðast og útibúið full-

mannað, því þarf þá að minnka opnunartímann?

Með því að stytta opnunartíma fær starfsfólk í kringum landið meira svigrúm til að sinna miðlægum verkefnum. Það mætti segja að verið sé að færa hluta þeirra starfa sem hingað til hefur verið sinnt frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.

Afgreiðslutími mun frá og með 13. september verða frá kl. 12-15, en hægt verður að panta ráðgjöf í útibúi 10-16 alla virka daga, við erum við til taks fyrir fundi, við símann og tölvuna allan daginn að sinna allri þeirri þjónustu sem við höfum gert hingað til, bæði við einstaklinga og fyrirtæki.

Verða miklar breytingar á ykkar störfum í útibúinu?

Við hér á Snæfellsnesi höfum á undanförunum árum fengið tækifæri til að þróast í starfi, fá fjölbreyttari og aukin verkefni þrátt fyrir færri komur viðskiptavina í útibúið. Þróun síðustu ára hjá mörgum fyrirtækjum í kringum landið er að færa þjónustu í starfrænt form, og hafa í kjölfarið verið að loka afgreiðslum og segja upp fólki eins og við þekkjum vel hér á Snæfellsnesi. Áhersla bankans á að vera til staðar um allt land er óbreytt, bara með örlítið öðrum hætti. Landsbankinn er farinn að horfa í auknu mæli til starfa án staðsetningar og nýta þá þekkingu og reynslu sem býr í mannauði bankans í kringum landið.

Við höfum vegna þessarar stefnu fengið nýjan starfsmann í hópinn sem mun vinna fyrir þjón-



ustuver bankans en frá útibúinu í Ólafsvík og því hefur stöðugildum fjölgað í Landsbankanum á Snæfellsnesi þrátt fyrir aukna sjálfsafgreiðslu og þróun í bankaþjónustu síðustu ár.

Landsbankinn er ekkert að fara af Snæfellsnesi, við verðum hér áfram til þjónustu reiðubúin, en með aðeins öðru sniði, sagði Þórhalla að lokum.



Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Getraunir 1x2

Við erum byrjuð að hittast aftur í Áttahagastofunni á laugardögum frá klukkan 11.00 til 12.00, með getraunastarfið og kaffið vinsæla. Enski boltinn er farinn af stað og ýmis atvik komið upp, sem full ástæða er að fara yfir og kryfja til mergjar. Eru til dæmis

dómararnir búnir að missa tókin á leiknum? Vonumst til að sjá sem flesta á laugardaginn. Munið að röðin í getrauninum kostar aðeins 13 krónur, en getur gefið margfalt til baka.

ÓHS

Skrímli á Rifi

Við Frystiklefann í Rifi er nú komið einskonar safn skrímsla sem vekur áhuga fólks sem á leið hjá. Það voru listamennirnir Helen Sheptytska og Mykola Kravets sem byggðu og hönnuðu listaverkin. Helen og Mykola eru frá Úkraínu en búa í Grundarfirði. Byrjuðu þau að vinna að verkefninu í apríl og það var tilbúið í byrjun sumars. Skrímslin eru skúlptúrar og er eitt þeirra úr við og tvenn úr steypu. Ófá börn og fullorðnir hafa heimsótt verkið og látið hugmyndaflugið ráða för.

JJ



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Framtíð kvennaboltans í Snæfellsbæ

Fyrir hönd stjórn UMF Víkings/Reynis langar mig að leita til ykkar kærar bæjarbúar og aðrir velunnarar. Það að stofna 2 fl. KVK, líkt og var tilkynnt í vor, er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Stjórn UMF Víkings/Reynis og þjálfarar okkar hafa fundað og erum við öll af vilja gerð til að leggja okkur fram og gera það sem við getum til að koma þessu almennilega af stað. Hins vegar getum við ekki gert þetta ein.

Til að stofna 2 fl. KVK að þá þarf að setja saman kvennaráð sem væri hópur af öflugum einstaklingum sem gætu aðstoðað okkur við að gera þetta að veruleika. Það er að ýmsu að huga eins og t.d. ferðakostnaður, æfingafatnaður, boltar, keilur o.fl. Einar þjálfari hjá 3 og 4 fl. KVK hefur þjálfað knattspyrnu lengi og hefur oft tekið það fram hvað við eigum flottar stelpur

sem stunda knattspyrnu. Því finnst okkur það eina rétta í stöðunni að byggja upp öflugan hóp af stelpum sem geta svo vonandi einn daginn orðið að meistara-flokki. Við viljum sýna stelpunum okkar að það sé einnig verið að hugsa um þær og þeirra framtíð, en ekki einungis strákana.

Stelpurnar hafa heldur betur sannað sig í gegnum árin og núna er komið að okkur að sýna þeim að þetta sé hægt ef vilji er fyrir hendi. Við tökum glöð við allri aðstoð, hvort sem það eru einstaklingar sem vilja bjóða sig fram í kvennaráð eða fjármagn í formi styrks til kvennaboltans, því allt mun þetta kosta.

Með von um góð og jákvæð viðbrögð.

Framkvæmdastjóri UMF Víking/Reynis

Tinna Ýr Gunnarsdóttir
umf@snb.is

Sumaropnanir veitingastaða á enda



Nokkrir veitingastaðir í Snæfellsbæ eru einungis opnir yfir sumartímann. Kaffihúsið Gilbakk í Hellissandi er eitt þeirra og var síðasti dagur sumarsins þann 20. ágúst. Gilbakk hefur verið þekkt fyrir sérstaka jólaopnun og geta íbúar því beðið spennnir eftir því.

Veitingastaðurinn Reks í Ólafsvík lokaði 15. ágúst en Sker er opin allt árið eins og venja er fyrir. Síðasti dagur Matvagnsins Mæstro í Grundarfirði verður þann

31. ágúst. Stefna eigendur á að hafa opið staka daga í september og munu þau auglýsa á Facebook síðu Mæstro þegar að því kemur.

Þann 27. ágúst síðastliðinn var síðasti dagur sumarsins á veitingastaðnum Viðvík. Gera eigendur ráð fyrir að bjóða upp á sushi helgi í vetur en það verður auglýst sérstaklega á Facebook síðu veitingastaðarins þegar nær dregur.

JJ

Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

Fengu að skoða sjúkrabíl og mótorhjól

Börnin á Rauðu deildinni á Kríflakoti fóru ásamt kennurum í vettvangsferð í síðustu viku og hittu þá Patryk Zolobow sem ekur og sér um sjúkrabíla og tæki sem þeim fylgja, fengu þau að prófa sjúkrabörurnar og stól sem notaður er þegar flytja þarf sjúklinga upp eða niður stiga. Mesta athygli og gleði vakti þó þegar Patryk setti ljósin á og sírenurnar fengu að hljóma.

Eftir að hafa gefið sér góðan tíma í að skoða sjúkrabílinn ráku börnin augu í mótorhjól hans Patryk og fannst þeim það ekki síður spennandi, einhver börn höfðu meira segja á orði að þetta væri sjúkramótorhjól. Þeir sem vildu fengu að prófa að sitja á hjólinu kyrrstæðu og höfðu örugglega frá ýmsu að segja þegar heim var komið eftir skólalag.



Börnin á Rauðu deild Kríflakots og kennarar þeirra vilja koma á framfæri kæru þakklæti til Patryks fyrir góðar móttökur.

Ljósmyndasamkeppni Snæfellsbæjar líkur á miðnætti 31. ágúst



Í júní efndi Snæfellsbær til ljósmyndasamkeppni í annað sinn en

það er Menningarnefnd Snæfellsbæjar sem heldur utan um verk-



AÐALFUNDUR Ungmennafélagsins Víkings/Reynis

Aðalfundur Ungmennafélagsins Víkings/Reynis verður haldinn í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar miðvikudaginn 20. september 2023 kl. 19:30

Venjuleg aðalfundarstörf
Ársskýrsla lögð fram fyrir árið 2022
Stjórn næsta tímabils kosin.
Önnur mál.

Þeir sem hafa áhuga og skoðanir á störfum ungmennafélagsins hvattir til að mæta og taka þátt.

Stjórnin

efnið ásamt markaðs- og upplýsingafulltrúa. Þemað í ár er menning og mannlíf í Snæfellsbæ og eru íbúar og aðrir sem eiga leið um sveitarfélagið voru hvattir til að taka þátt með því að taka mynd innan sveitarfélagsmarka Snæfellsbæjar. Samkeppnin opnaði þann 15. júní og er skilafrestur til miðnættis fimmtudaginn 31. ágúst. Myndirnar verða allar birt-

ar til sýnis á vefsíðu Snæfellsbæjar og með þátttöku í ljósmyndasamkeppninni veita þátttakendur leyfi til þess að myndirnar verði notaðar sem kynningarefni fyrir Snæfellsbæ. Til að taka þátt senda þátttakendur að hámarki fimm myndir á netfangið ljósmyndasamkeppni@snb.is.

Líf og fjör á Jaðri

Starfið á dvalarheimilinu Jaðri er nú að fara aftur í gang eftir sumarfrí. Á fimmtudaginn í síðustu viku fengu íbúar heimsókn frá sr. Ægi en hann ætlar að vera með vikulegar heimsóknir í vetur. Í síðustu viku var veðrið frábært og sátu því íbúar úti, sleiktu sólina og sungu á meðan Ægir spilaði á gítarinn. Að lokum var boðið upp á rjómaís og kaffi. Á föstudaginn fóru íbúar í ferðalag en þau voru

sótt á rútu á hádegi. Ferðinni var haldið í Þjóðgarðsmiðstöðina á Hellissandi og fengu þau tækifæri til að bera mannvirkið augum. Íbúar og starfsmenn borðuðu hádegismat á veitingastaðnum Matarlist sem staðsettur er í Þjóðgarðsmiðstöðinni. Hákon Ásgeirsson, Þjóðgarðsvörður, hélt tölu um starfsemi Snæfellsjökulþjóðgarðs og nýju Þjóðgarðsmiðstöðina sem er hin glæsilegasta.

JJ



Vegagerðin girðir í Staðarsveit



Um þessar mundir vinnur Vegagerðin að því að girða í Staðarsveit og er það liður af stærra verki sem miðar við að girða frá Stekkjarvöllum að Kálfá. Byrjaði Vegagerðin á verkinu 2022 og er gert ráð fyrir að það náist að girða svæðið á næstu tveimur árum. Þá

hafa bændur á svæðinu tekið sig til og girt hluta af leiðinni til að flýta verkinu. Með því að girða þennan kafla eru bundnar vonir við að fjárlauslást verði neðan vegar á þessari leið að verki loknu.

SJ

Fyrsti hittingurinn

Miðvikudaginn 6. september hittumst við í fyrsta sinn í Klifi á þessu hausti. Vonandi komum við öll hress og endurnærð eftir gott sumar, tilbúin í átök haustsins og vetrarins. Eitt af mörgu, sem við þurfum að hugsa sífellt um er heilsan. Eftir því sem við eldumst, hægir á starfsemi líkamans og vöðvar stirna og rýrna. Hér í Snæfellsbæ eru aðilar sem í sumar hafa kynnt sér vel átak í lýðheilsu fyrir fullorðið

fólk, sem þarf á styrkingu líkamans að halda.

Fulltrúar öldungaráðs mun á miðvikudaginn mæta og fara lauslega yfir þetta átak og brýna fyrir fólki nauðsyn þess að stunda markvissa hreyfingu á efri árum.

Skorum á fólk að mæta á miðvikudaginn inn í Klif, til að rifja upp sögur frá sumrinu og hafa gaman saman.

Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is



STEINPRENT

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

Leikjum fækkar í fótboltanum

Víkingarnir fóru í lengstu ferð sumarsins um síðustu helgi, þegar þeir heimsóttu Sindra frá Hornafirði. Væntingar voru til þess, að þarna væri hægt að ná í 3 stig í baráttunni um að komast upp um deild. Það gekk ekki eftir því að jafntefli varð niðurstaðan í leiknum 3-3 og Aitor bjargaði meira að segja stiginu með því að verja vítaspyrnu í uppbótartíma seinni hálfleiks. Baráttan er hörð um annað af tveimur efstu sætum, en okkar strákar eru núna sex stigum frá efsta sætinu og þremur frá öðru sæti, þegar þrjár umferðir eru eftir. Liðin, sem eru fyrir ofan Víking eiga eftir leiki við lið, sem eru ofarlega á töflunni á meðan Víkingar eiga eftir að leika við lið í neðri hlutanum. Þannig að allt getur gerst þó svo að Víkingur þurfi að treysta á hagstæð úrslit í leikjum annara félaga. Það þarf að vinna þá leiki, sem eftir eru og sjá svo hvert það nær. Næsti leikur er hér heima á laugardaginn klukkan 16.00, við KF frá Fjallabyggð. Sigur í honum heldur í vonina um að komast upp. Fjölmennum á völlum inn og styðjum strákanna.

Reynis drengirnir fóru til Reykjavíkur um síðustu Helgi



og léku við Létti. Leikurinn endaði 2-1 fyrir Létti eftir að Reynir komst yfir 1-0. Þetta var síðasti leikur sumarsins hjá þeim drengjum. Reynir endaði í áttunda sæti deildarinnar. Þeir áttu fína spretti í sumar, en svo komu leikir inn á milli með rugl úrslitum. Undirritaður á ekki von á að þeir félagar hafi reiknað með að komast í úrslita keppnina, en að þátttakan í mótinu hafi verið meira til að hreyfa sig og hafa gaman.

ÓHS

Umdeilt hótél við Lárvaðal



24. ágúst síðastliðinn tók nýtt deiliskipulag gildi vegna hótels í landi Skerðingsstaða. Er deiliskipulagið í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019 til 2039 en þar er þetta svæði skilgreint fyrir verslun og þjónustu. Skipulagssvæðið er um 4,5 ha að stærð og liggur á tanga sem gengur út í Lárvaðal undir Skerðingsstaðafjalli. Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 60 til 80 herbergja hóteli og allt að fimm smáhýsum. Byggingarreiturinn er að miklu leiti innan fornminjasvæðis og liggur niðurstaða fornminjaskráningar fyrir. Byggingin er staðsett við vatnsbakkann, því að á eyrinni miðri eru gamlar rústir sem ekki má hrófla við. Byggingin verður klædd að utan með náttúrulegum efnum og þök lögð gróðurþekju. Kirkjufellið hafði sterk áhrif á hönnun hótelsins sem hannað er af Zeppelin arkitektum, en form byggingarinnar minnir á fjallið. Byggingarreitur fyrir smáhýsin er svo austast á skipulagssvæðinu og er húsun-

um raðað upp með óreglulegum hætti. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. gr. og 42. gr. skipulagslaga og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti þann 10. mars 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Skerðingsstaði ásamt umhverfismatsskýrslu, tillagan var auglýst 20. júlí 2022 með athugasemdafresti til og með 14. september 2022. Eftir umfjöllun um athugasemdir sem bárust, lagði skipulags- og umhverfisnefnd fram þrettán skilyrði á 246. fundi sínum þann 20. febrúar 2023 sem staðfest voru á 270. fundi bæjarstjórnar þann 9. mars. Vekur Grundarfjarðarbæra athygli á því að þeir sem lögvarða hagsmuna eiga að gæta er heimilt að kæra stjórnvaldsákvæðanir. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu deiliskipulagstillögu í B-deild Stjórnartíðinda, þ.e. frá 24. ágúst 2023 til 24. september 2023.

SJ

KVEDJUMESSA
Grundarfjarðarkirkju
sunnudaginn
3. sept. kl. 13.00
Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson
kveður söfnuðin
Veitingar í samkomuhúsi að
athöfn lokinni
Velkomin öll og alltaf



Opnunartími breytist

Frá og með 13. september breytist opnunartími útibúsins í kl. 12 - 15 alla virka daga. Þó almennur opnunartími styttest verður áfram hægt að panta tíma í útibúinu á milli kl. 10 - 16 og fjarfund til kl. 18. Hraðbankar verða eins og áður aðgengilegir allan sólahringinn.

Það er einfalt að panta tíma á **landsbankinn.is**.

Við erum betri saman